

30. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 1. júlí 1998.

Geir H. Haarde.

Magnús Pétursson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Listasjóð Guðmundu S. Kristinsdóttur.

1. gr.

Listasjóður Guðmundu S. Kristinsdóttur, sem fædd var 28. maí 1904 og lést 13. febrúar 1995, er stofnaður í tilefni af gjöf Errós á andvirði íbúðar Guðmundu við Freyjugötu 34, er hún arfleiddi hann að. Vísast hér með til samkomulags sem undirritað er af gefanda.

2. gr.

Markmið Listasjóðs Guðmundu S. Kristinsdóttur er að styrkja listakonur, með því að veita þeim sérstök framlög til viðurkenningar og eflingar á listsköpun þeirra.

3. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu borgarsjóðs Reykjavíkur. Umsjón með sjóðnum skulu Reykjavíkurborg og Errósafn hafa með höndum.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3.400.000.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en gjafafé eða önnur framlög sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggja við höfuðstól hans og ávaxtast með sama hætti. Tekjur sjóðsins, og ráðstöfunarfé, eru raunvextir, eða önnur ávöxtun, af stofnfé og öðrum framlögum til sjóðsins.

Höfuðstóll sjóðsins skal ávaxtaður með tryggilegum hætti en umsjón með ávöxtun hans skal Reykjavíkurborg hafa með höndum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð til tveggja ára í senn. Stjórnina skipa þrír menn: Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri og forstöðumaður Listasafns Íslands. Þessir aðilar skipa einnig varamenn. Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur er formaður sjóðstjórnar. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum 28. maí ár hvert, en í fyrsta sinn við opnun Listahátíðar Reykjavíkur árið 1998. Stjórn sjóðsins ákveður hvernig ráðstöfunarfé sjóðsins hverju sinni skuli úthlutað og ákveður að öðru leyti hvernig staðið skuli að úthlutun.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal gera ársreikning fyrir sjóðinn hvert almanaksár. Ársreikningur, endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, skal fullgerður og undirritaður af stjórn sjóðsins fyrir lok næsta almanaksárs.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsyn eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting öðlast þó gildi nema sjóðstjórn sé einhuga um hana.

9. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður nema með samþykki Errós, eða erfingja hans að honum látnum og einróma samþykki sjóðstjórnar. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Listasafns Reykjavíkur – Errósafns.

10. gr.

Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. maí 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Helgu M. Pálsdóttur nr. 358 5. júlí 1989.

Formaður stjórnar Minningarsjóðs Helgu M. Pálsdóttur hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskránni.

1. gr.

4. gr. orðast svo: Stjórn sjóðsins skipa þrír menn sem stjórn Kvenfélagasambands Íslands velur. Stjórnin skiptir með sér verkum og ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins.

2. gr.

5. gr. fellur niður.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. júní 1998.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.